

REGLUGERÐ

um skipulagningu fólksflutninga með bifreiðum.

78

6. ágúst

1. gr.

Engum er heimilt að hafa á hendi fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri séu en svo, að þær rúmi 6 farþega, nema að hafa til þess sérleyfi frá ríkisstjórninni. Slikt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, er rúma 6 farþega eða færri. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá póstmálastjóri úr. Úrskurði þessum má áfrýja til atvinnumálaráðherra.

2. gr.

Sérleyfi til fólksflutninga skal miðast við ákveðnar leiðir. Í hverju sérleyfi skulu vera ákvæði um ferðatilhögun og fargjöld á sérleyfisleiðinni, svo og um póstflutninga, sömuleiðis ákvæði, er skylda sérleyfishafa til að halda uppi flutningum á leiðinni, svo lengi sem póststjórnin telur nauðsynlegt og tíð leyfir og vegir teljast færir að áliti vegamálastjóra. Nú er nokkur hluti sérleyfisleiðar ófær bifreiðum, og er þá sérleyfishafi skyldur til að leita álits póststjórnar, hvort halda skuli uppi flutningum á þeim hlutum leiðanna, sem eru færir bifreiðum. Sérleyfishafa er óheimilt að leggja niður eða fækka ferðum á sérleyfisleið án þess að hafa fengið til þess samþykki póststjórnar.

Sérleyfi skal vera óframseljanlegt.

3. gr.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfis skyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að 8 farþegum. Skal slík undanþága miðast við ákveðnar bifreiðar, gilda til ákveðins tíma í senn og vera óframseljanleg. Í slíkri undanþágu má setja ákvæði um ferðafjölda og fargjöld á leiðinni, svo og um póstflutninga. Slíka undanþágu getur ráðherra afturkallað án fyrirvara, ef ástæða er til að dómi póstmálastjóra og skipulagsnefndar fólksflutninga.

4. gr.

Póststjórninni er heimilt að undanskilja sérleyfi fólksflutningaferðir með stærri bifreiðum en 6 manna endrum og sinnum, en með minni bifreiðum eru slíkar tækifærisferðir frjálsar, sérstaklega þegar um er að ræða ferðir félaga og skóla, akstur í sambandi við útlend skemmtiskip og ferðir um Suðurlandsbraut að Lækjarbotnum á sunnudögum og öðrum almennum frídögum um sumar tímamann. Slíkar undanþágur má miða við ákveðnar bifreiðar eða ákveðinn fjölda bifreiða. Slíkar undanþágur má veita til ákveðins tíma í senn, en eru þó afturkallanlegar, hvenær sem ástæða er til að dómi póststjórnar.

78 Ekki þarf sérleyfi eða undanþágu til að hafa á hendi hverskonar fólksflutninga á heildarleiðunum: Reykjavík—Gullfoss, Reykjavík—Geysir og Reykjavík—Reykjanesviti, sé aðeins um að ræða flutninga á þessa endastaði.

Einnig er með minni bifreiðum en 6 manna heimilt á sunnudögum að halda uppi hverskonar fólksflutningum á heildarleiðinni Reykjavík—Þingvellir.

5. gr.

Nú er veitt sérleyfi fyrir ákveðna leið, og má þá enginn annar en sá, er slíkt sérleyfi hefir fengið, halda uppi fólksflutningum á leiðinni eða kafla úr henni eftir föstum áætlunum nema að hafa til þess undanþágu frá ráðherra samkvæmt 3. gr. þessarar reglugerðar.

Áður en veitt er sérleyfi eða undanþága, er gildir lengur en til eins mánaðar, skal leita umsagnar skipulagsnefndar fólksflutninga um málið.

6. gr.

Póststjórnin setur, að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga og sérleyfishafa, ferðaáætlun og gjaldskrá á sérleyfisleiðum, og er sérleyfishafi skyldur til að fylgja áætlun um burtfarar- og komutíma, svo og gjaldskrá, er póststjórnin setur. Óski sérleyfishafi eftir breytingu á ferðaáætlun eða gjaldskrá, skal hann senda póststjórninni skriflega beiðni um það, og ákveður póststjórnin, hvort gera skuli slíka breytingu. Póststjórnin getur hvenær sem er, ef sérstök ástæða er til, breytt ferðaáætlun og gjaldskrá, án þess að fyrir liggja tillögur um það frá sérleyfishafa. Ef flutningum seinkar eða ferðir falla niður af óviðráðanlegum ástæðum, skal sérleyfishafi þegar í stað tilkynna það póststjórninni og tilgreina ástæður.

Nú vill sérleyfishafi ekki hlíta ákvörðun póststjórnar um ferðaáætlun eða gjaldskrá, og sker þá ráðherra úr, en leita skal þó áður álits skipulagsnefndar fólksflutninga. Skyldur er sérleyfishafi til að hlíta ákvörðun póststjórnar, þar til ráðherra hefir skorið úr.

7. gr.

Sérleyfishafi er skyldur til að fullnægja flutningaþörfinni á þeirri leið, sem hann hefir sérleyfi á. Þar sem fleirum en einum er veitt sérleyfi til fólksflutninga á einhverri leið, skal einn þeirra eða fleiri vera aðalsérleyfishafi, og ber hann eða þeir ábyrgð á, að flutningaþörfinni sé fullnægt, en hinir hafa aðeins þann takmarkaða rétt til ferða, sem ákveðinn er í sérleyfinu.

Sérleyfishafi er þó ekki skyldur til að leggja til aukabifreið fyrir færri en 4 farþega á lengri leiðum en 100 km vegalengd.

8. gr.

Sérleyfishafi skal á viðkomu- og endastöðum birta ferðaáætlun og gjaldskrá með auglýsingum á hentugum stöðum.

9. gr.

78

6. ágúst

Skylt skal sérleyfishöfum og þeim, er fá undanþágu ráðherra til fólksflutningaaksturs, að afhenda öllum farþegum tölusetta farseðla, er gerðir séu eftir fyrirsögn og undir eftirliti póststjórnarinnar. Farseðlar séu afhentir eigi síðar en um leið og farþegar stiga í bifreiðina.

Sérleyfishafi sendir póststjórninni mánaðarlega skýrslur um tölu farþega, fjölda ferða og aðrar upplýsingar, sem máli skipta að dómi póststjórnar, til þess að fá vitneskju um rekstur bifreiðanna á hverri leið og hvernig sérleyfishafi fullnægi flutningaþörfinni á þeirri leið, sem hann hefir sérleyfi á.

Sérleyfishafi skal um hver áramót senda póststjórninni rekstursreikning í því formi, er hún mælir fyrir um. Nú dregur sérleyfishafi að senda slíkar skýrslur eða upplýsingar, og er þá póststjórninni heimilt að ákveða dagsektir frá kr. 2,00 til kr. 20,00 fyrir hvern dag. Ítrekuð brot í þessu efni geta varðað sérleyfismissi.

10. gr.

Sérleyfishafa er skylt að flytja ákveðið magn póstflutninga endurgjaldslaust eftir reglum, sem póststjórnin setur.

Póstflutninginn skal geyma á óhultum stað, sem óviðkomandi menn komast ekki að, og skylt er að skila póstflutningum á réttum stöðum. Að öðru leyti fer um flutning á póstinum eftir reglum, sem póststjórnin setur.

11. gr.

Skylt er sérleyfishafa, ef bifreið hans bilar eða verður ónothæf, að útvega aðra í hennar stað, sem póststjórnin tekur gilda. Nú bilar bifreið sérleyfishafa á þeim tíma, sem flutningum er ekki haldið uppi á sérleyfisleið hans, og er hann þá skyldur að hafa tilbúna bifreið í hennar stað, þegar er flutningar hefjast aftur á sérleyfisleiðinni.

12. gr.

Skylt er sérleyfishafa að kaupa og halda við tryggingum fyrir bifreiðar sínar samkvæmt ákvæðum laga um notkun bifreiða. Nær tryggingarskyldan einnig til bifreiða, sem skrásettar eru til vöruflutninga, en notaðar eru endrum og sinnum til fólksflutninga.

Sérleyfishafi, bifreiðastjórar hans og afgreiðslumenn skulu jafnan gæta þess að sýna farþegum lipurð og kurteisi í afgreiðslu og allri umgengni.

Kærur út af sérleyfisakstri skulu sendar póststjórninni skriflega.

Halda skal bifreiðum þrifalegum að utan og innan eftir því, sem við verður komið. Skal gæta þess, að áletrun á skrásetningarmerki sé jafnan vel læsileg. Sérleyfishafi er skyldur að sjá um, að framan á bifreiðum hans í föstum áætlunarferðum sé merkt greinilega nafn leiðar, sem bifreiðin ekur. Í farþegabyrgi skal festa upp auglýsingu um fastar áætlunarferðir og fargjöld á leiðinni, sem bifreiðin ekur.

13. gr.

Um daglegan vinnutíma bifreiðarstjóra skal gæta ákvæða gildandi laga og reglugerða um hvíldartíma bifreiðarstjóra. Skal gæta þess að ofþreyta ekki bifreiðarstjóra, svo nauðsynlegt öryggi við akstur minnki.

14. gr.

Gæta skal þess að aka þannig, að vegunum sé hlíft við skemmdum, eftir því, sem við verður komið. Þyki vegamálastjóra vegakafli liggja undir skemmdum af akstri þungra bifreiða, getur hann í samráði við póststjórnina ákveðið, að áætlunarferðir skuli niður falla, meðan svo stendur á.

15. gr.

Kosning þriggja manna í þá sex manna nefnd, sem gerir tillögur til póststjórnar um fyrirkomulag og rekstur allan á flutningum samkvæmt 3. grein laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum og nefnist skipulagsnefnd fólksflutninga, fer eftir reglum útgefnum af atvinnumálaráðherra.

16. gr.

Leita skal álits skipulagsnefndar fólksflutninga um veitingu sérleyfa og undanþága, sbr. 3. gr., sem veittar eru til lengri tíma en eins mánaðar, einnig um tilhögun ferða á sérleyfisleiðum og annað það, er máli skiptir í skipulagningu fólksflutninga.

Að öðru leyti fer um störf nefndarinnar eftir reglum, er atvinnumálaráðherra setur um það efni.

17. gr.

Heimilt er póststjórninni að nota eigin bifreiðar til fólksflutninga og póstflutninga á leiðum, sem sérleyfi hafa áður verið veitt á. Nú ákveður póststjórnin að taka í sínar hendur flutninga á einhverri leið, og er þá ekki heimilt að veita öðrum sérleyfi til fólksflutninga á þeirri leið án samþykkis póststjórnar. Áður veitt sérleyfi má heldur ekki endurveita án samþykkis póststjórnar á leiðum, sem póststjórnin hefir hafið flutninga á.

18. gr.

Nú ákveður póststjórnin samkvæmt 5. gr. laga um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum að taka í sínar hendur afgreiðslu sérleyfisbifreiða, og eru þá sérleyfishafar skyldir til, ef póststjórnin æskir þess, að afhenda í hendur póststjórnar alla afgreiðslu sérleyfisbifreiða sinna. Póststjórnin ákveður afgreiðslugjald bifreiðanna, er sérleyfishafar skulu greiða til hennar.

Áður en ákvörðun er tekin um þessi mál, ber póststjórnin málið undir skipulagsnefnd fólksflutninga.

19. gr.

Farþegar skulu skyldir að panta farseðla með minnst eins klukkutíma fyrirvar áður en áætlunarferð sérleyfisbifreiðar hefst, þegar um styttri ferð en 100 km

er að ræða. En sé um lengri ferðir en 100 km að ræða, er hefjast fyrir kl. 11 árdegis, skal farþegum skylt að panta farseðla ekki seinna en kl. 9 kvöldið áður.

78
6. ágúst

20. gr.

Falli sérleyfi af einhverri ástæðu niður, tekur ráðherra ákvörðun um, hvort veita skal aftur sérleyfi á sömu leið. Verði svo ákveðið, skal auglýsa sérleyfið til umsóknar, og skal í auglýsingunni tekið fram vegalengd, fjöldi ferða og fargjöld á leiðinni.

Umsækjandi skal í umsókn sinni skýra frá bifreiðakosti sínum og hverskonar bifreið hann óskar að nota til flutninganna.

21. gr.

Sérleyfishafa er skylt að fylgja ákvæðum framangreindra laga og reglugerða og skilmála, sem settir eru samkvæmt þeim, svo og að hlíta breytingum, sem gerðar kunna að verða á lögum eða ákvæðum, sem sett eru samkvæmt þeim, þar á meðal um sérleyfistímann, og una við þær breytingar, er pósthjórinn kann að gera á fjölda ferða almennt eða hjá einstökum sérleyfishöfum, svo og aðra tilhögun ferða á sérleyfistímabilinu.

Nú treystir sérleyfishafi sér ekki til að fullnægja skilmálum þeim, sem settir eru eða settir verða samkvæmt gildandi lögum eða reglugerðum, og skal hann þá tilkynna það pósthjórninni með tveggja mánaða fyrirvara.

22. gr.

Eftirlit með því, að haldin séu lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, svo og reglugerðir og önnur ákvæði þar að lútandi, hefir pósthjórnin í samráði við vegamálastjórnina.

Framkvæmd þessa eftirlits getur pósthjórnin að meira eða minna leyti falið einum eða fleirum mönnum eftir því, sem ástæður þykja til, í samráði við skipulagsnefnd fólksflutninga.

Bifreiðaeftirlit ríkisins og löggæzlumaður ríkisins skal sjá um, að ákvæði, sem sett eru í reglugerð um gerð og búnað almenningsbifreiða, séu haldin, sömuleiðis ákvæði í 12. gr. þessarar reglugerðar um þrifnað og útbúnað bifreiða. Lög- reglustjóri á þeim stað, þar sem bifreið er skrásett, sér um, að haldin séu ákvæði um tryggingar bifreiða, sem sett eru í 12. gr. þessarar reglugerðar, og sömuleiðis ákvæði um daglegan vinnutíma bifreiðarstjóra, sem sett eru í 13. gr. þessarar reglugerðar.

Heimilt er pósthjórninni að krefjast þess að fá aðgang að öllum reikningum og bókum sérleyfishafa, er við koma sérleyfisflutningum. Ennfremur getur pósthjórnin látið stöðva bifreiðar fyrirvaralaust, sé um eftirlit að ræða eða um brot á sérleyfislögum.

Nú telur sérleyfishafi sig órétti beittan af öðrum, sem flutninga stunda, eða af þeim, sem flutninga nota, og skal hann þá senda skriflega umkvörtun til pósthjórnar. Sé um brot að ræða á sérleyfislögum eða öðrum lögum eða reglugerð-

78 um, sendir póststjórnin málið lögreglunni til meðferðar, ef henni þykir ástæða
6. ágúst til, svo og önnur þau mál, er heyra undir meðferð lögreglunnar.

23. gr.

Viðurlög við brotum á reglugerð þessari eru hin sömu og greinir í lögum um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 36, 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Póst- og símamálastjórnin, 6. ágúst 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Guðmundur J. Hlíðdal.

79

7. ágúst

REGLUGERÐ

til breytingar á hafnarreglugerð fyrir Akureyrarkaupstað, 10. júní 1920.

33. gr. orðist þannig:

A. Aðfluttar vörur:

V Ö R U G J A L D S K R Á :

1. flokkur: Gjald 12,5 aurar fyrir hver 100 kg: Kol, salt, sement.
2. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 100 kg: Allskonar óunnið járn, eldavélar, bárujárn, saumur, timbur, sem reiknað er eftir þyngd, legsteinar, eldfastur leir, gólf- og veggflisar, eldfastir steinar, garðávextir.
3. flokkur: Gjald 25 aurar fyrir hver 100 kg: Korn- og mjölvörur, kjöt, gufuvélar, benzínvélar, varahlutir til véla, tjara, bik, asfalt, asbest, kaðlar, pappi til húsagerðar, vatnsleiðslu- og miðstöðvavörur, heyrinnuvélar, plógar, herfi, sykur, fóðurbætur, kalk, fræ, tilbúinn áburður, oliur og benzín til eldsneytis, til ljósa eða á mótora.
4. flokkur: Gjald 35 aurar fyrir hver 100 kg: Bifreiðar og varahlutir til þeirra, feiti og oliur til smjörlikisgerðar og sápugetar, strigi, tvistur, hessían og bindigarn.
5. flokkur: Gjald 10 aurar fyrir hver 10 kg: Málningarvörur og efni til málninga, lakk, kitti, lim, gibs, veggfóður, hráefni til iðnaðar, svo sem sýrur, essensar, brennisteinn o. þ. h., hráefni til kaffibætisgerðar, korkvörur og óunnið kork, brauðvörur, kex, linóleum, gúmmi og gúmmivörur, pappír og pappírsvörur, bækur, blek, baðlyf, ljósaefni, svo sem vax, carbíd, glycese o. þ. h., olíufatnaður, kálmeli og plöntur, maccaróni, útgerðarvörur, svo sem linur, önglar, net, nætur, lengdar- og hraðamælar til skipa.
6. flokkur: Gjald 20 aurar fyrir hver 10 kg: Niðursuðuvörur, blikkvörur,